

Matvæla og þjónustudeild, skýrsla á aðalfundi 2026

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 4. febrúar í fyrra.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. starfið innan deildarinnar, starf félagsins, þing og ársfundir, stöðuna á vinumarkaði, trúnaðarráð félagsins, trúnaðarmenn og margt fleira.

Samkvæmt gildandi kjarasamningi varð launahækkun um áramót. Kauptaxtar hækkuðu þá um 5,3% en að lágmarki um 23.750. Laun þeirra sem ekki eru á taxtalaunum, heldur almennum mánaðarlaunum, hækkuðu um 3,5% en þó að sama lágmarki. Kjaratengdir liðir sammingsins hækkuðu einnig um 3,5%.

Ég hvet ykkur til að fylgjast vel með að umsamdar launahækkanir skili sér og hafi birst með réttum hætti á launaseðli janúarmánaðar.

Vert er að minna á að orlofsréttindi félagsfólks á almenna markaðinum voru aukin í tveimur þrepum, frá 1. maí 2024 og 1. maí 2025 breyttist ávinnsla orlofs. .

Eftir fyrri breytinguna var staðan sú að.

- Lágmarksorlof ennþá 24 dagar eða 10,17% en talað er um lágmarksorlof byrjenda.
- Það kom nýtt inn að starfsmaður sem náð hefur 22 ára aldri og starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki skuli eiga rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.
- Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 26 virka daga í stað 25 áður og orlofslaunum sem nema 11,11%.

Seinni breytingin varð frá og með 1. maí fyrra vegna ávinnslu orlofs sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí í ár.

- Þá mun breytast að starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki mun eiga rétt á orlofi í 28 virka daga í stað 26 áður og orlofslaunum sem nema 12,07% í stað 11,11 áður.

Engin breyting varð á reglu um starfsmenn sem starfað hafa í sama fyrirtæki í 10 ár. Viðkomandi starfsmaður á áfram 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun.

Ég hvet ykkur til að skoða launaseðilinn vel og ef þið sjáið að orlofsprósentan er ekki rétt þá skuluð þið tala við ykkar yfirmann eða heyra í félaginu.

Ég vil líka minna á að frá og með ágústmánuði 2024 hefur ræstingarfólk á almenna markaðinum átt að fá greidda, sérstaka viðbótargreiðslu mánaðarlega, svokallaðan ræstingarauka sem reiknast í hlutfalli við starfshlutfall, en fyrir fullt starf er hann 19.500 kr. á mánuði. Ég hvet alla sem starfa við ræstingar á almenna markaðinum til að skoða launaseðilinn vel til að tryggja að uppbótin sé að skila sér. Upphæðin á að birtast sem sérstök lína á launaseðlinum og því á að vera auðvelt fyrir ykkur að sjá hvort hann skili sér til ykkar eða ekki.

Í reiknivél á heimasíðu Starfsgreinasambandsins má sjá hvernig ræstingaraukinn sem og aðrar kjarasamningsbundar hækkanir í kjarasamningnum líta út miðað við ykkar forsendur.

1. nóvember 2024 tók félagið í notkun Mínar síður félagsins. Óhætt er að segja að félagsmenn hafi tekið vel á móti þeim og verið duglegir að nýta sér það sem þar er í boði. Frá upphafi og fram til síðustu áramóta voru innskráningar félagsmanna orðnar um 35.000. Á sama tíma var búið að nota kerfið til að framkvæma rúmlega 1.900 bókanir í orlofskerfinu.

Mínar síður félagsins eru mjög notendavænar, byggjast upp á persónublaði félagsmanns sem veitir góða yfirsýn yfir stöðuna. Þar má m.a. finna yfirlit yfir félagsgjöld, sjá réttindi í sjóðum og hvernig þau hafa verið nýtt. Þar inni er einnig pantað eða sótt um og greitt fyrir orlofshús og sótt um fræðslustyrki, sjúkrastyrki og sjúkradagpeninga. Þá er hægt að skrá starfsstöð, senda inn fyrispurn til félagsins eða stofna mál. Jafnframt er hægt að fylgjast með réttindaávinnslu og skilum atvinnurekenda á iðgjöldum.

Slóðin inn á Mínar síður er mitt.ein.is en á heimasíðu félagsins má finna góðar leiðbeiningar fyrir helstu aðgerðir þar inni

Ég hvet alla sem eiga eftir að fara þarna inn til að gera það og uppfæra ef þarf upplýsingar eins og símanúmer, netfang og bankaupplýsingar.

Frá og með 1. janúar sl. hækkuðu einstaklingsstyrkir fræðslusjóða félagsins úr 130.000 í 180.000 miðað við full réttindi. Uppsafnaður tveggja og þriggja ára réttur fyrir árin 2023-2025 verður áfram 130.000 á ári miðað við full réttindi. Hækkun í 180.000 á einungis við frá og með síðustu áramótum.

Ég vil minna á félagsmenn geta farið á fjölmörg námskeið sem í boði eru hjá SÍMEY sér að kostnaðarlausu. Ég bendi öllum áhugasömum að kíkja inn á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Gallup hefur framkvæmt kjara- og viðhorfskönnun fyrir félagið frá árinu 2011. Niðurstöður síðustu könnunar lágu fyrir í desember og er óhætt að segja að enn og aftur er mikil ánægja með þjónustu félagsins og félagið sjálft.

Þarna eru margir þættir kannaðir, m.a. er spurt um heildarlaun og dagvinnulaun, vinnutíma, vinnutímastyttingu, fjárhagslega stöðu, trúnaðarmenn og Mínar síður félagsins.

Heildarniðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Vert er að minna á að félagið er ekki lengur með sérstaka vetrarleigu orlofshúsa. Inn á Mínun síðum er hægt að bóka og greiða fyrir orlofshús eða íbúð í um sex mánuði fram í tímann, fyrir utan tímabilið þegar sumarúthlutun er í gangi.

Þá vil ég segja frá nokkrum nýjungum varðandi orlofsmál hjá félaginu.

Nú er kominn sveigjanlegri leigutími í íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu, en frá byrjun janúar hafa verið í boði dag- og helgarleigur, eins og verið hefur í orlofshúsum félagsins. Á sumrin, um jól, áramót og páska verður eftir sem áður einungis vikuleigur í boði í öllum orlofskostum félagsins.

Búið er að taka nýjar íbúðir félagsins í Eirhöfða 7 í Reykjavík í gagnið, en á síðasta ári var ákveðið að selja fjórar íbúðir félagsins í Sóltni og Ásholti og kaupa sex nýjar íbúðir í þeirra stað.

Við erum nú með átta orlofsíbúðir í boði fyrir félagsmenn á Höfuðborgarsvæðinu, þrjár í Álalind í Kópavogi og fimm í Eirhöfða í Reykjavík. Einnig eru þrjár sjúkraíbúðir í boði fyrir sunnan, tvær í Álalind og ein í Eirhöfða

Þá hefur félagið tekið á leigu íbúð á Spáni út nóvember á þessu ári. Íbúðin er á góðum stað í Playa Flamenca á Spáni, í lokuðum íbúðakjarna og samanstendur af tveimur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, eldhúsi og stofu/borðstofu. Um er að ræða rólegt og vinsælt íbúðarhverfi við Costa Blanca-ströndinni á Spáni.

Inn á Mínunum síðum geta félagsmenn fengið allar upplýsingar um íbúðina og bókað hana sex mánuði fram í tímann, líka yfir sumartímann þar sem hún verður ekki inn í úthlutunarkerfi sumarsins. Nú gildir reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Hægt er að leigja eina eða tvær samfelldar vikur og eru skiptidagar á þriðjudögum.

Allar upplýsingar um orlofskosti sumarsins verða aðgengilegar á heimasíðu félagsins í mars. Áfram verður gott úrval sumarhúsa í boði og Orlof að eigin vali verður áfram í boði. Styrkurinn í ár verður 29.000 kr. og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum Mínar síður félagsins og verður umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá verður hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Í boði verða tvær ferðir hjá félaginu í ár.

Uppselt er í ferð til Hollands og Þýskalands dagana 4. til 11. júní.

Áætlað er að árleg dagsferð eldri félagsmanna verði í ágúst og verður hún auglýst er nær dregur.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem m.a. má nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Ég minni líka á síður félagsins á Facebook og Instagram þar sem við setjum inn alls konar kynningarefni.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að minna á að á skrifstofu félagsins á Akureyri eru nokkrir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði með aðstöðu.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Ég vil þakka Hrafnhildi Ásu og Sveinbirni sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil þakka stjórninni fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu og þá ekki síst Tryggva Jóhannssyni, starfsmanni deildarinnar.

Takk fyrir.